

unum nr. 5—7/1943, en með þeim var skorið úr um lögmæti verkfalls þess, sem athafnir þær, sem um ræðir í þessu máli, voru stuðningur við.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Alþýðusamband Íslands f. h. verkamannafélagsins Dagsbrúnar, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Vinnuveitendafélags Íslands f. h. H/f Miðnes, í máli þessu. Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 13. nóvember 1944.

Nr. 11/1944. **Læknafélag Reykjavíkur**

(Einar B. Guðmundsson hrl.)

gegn

Sjúkrasamlagi Reykjavíkur

(Gunnar E. Benediktsson hdl.).

Orlofsmál.

Dómur.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu, dags. 15. sept. þ. á., af Læknafélagi Reykjavíkur gegn Sjúkrasamlagi Reykjavíkur.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að viðurkennt verði, að þeir félagsmenn í Læknafélagi Reykjavíkur, sem vinna læknisstörf fyrir Sjúkrasamlag Reykjavíkur samkvæmt samningi málsaðilja, er gildi tók 1. apríl 1941, eigi rétt til orlofs og orlofsfjár hjá stefnda samkvæmt lögum nr. 16/1943. Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi krefst *aðallega* algerrar sýknu af kröfum stefnanda, en *til vara*, að umræddir læknar eigi aðeins rétt til orlofsfjár af hreinum starfslaunum, þ. e. af launum að frádregnum reksturskostnaði. Loks krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnanda eftir mati dómsins.

Málavextir eru þessir:

Með samningi, sem gekk í gildi 1. apríl 1941, tók stefnandi að sér, svo sem í 1. gr. þess samnings segir: „að veita hluttækum meðlimum S.R. og börnum þeirra alla þá læknishjálp utan spítala, sem S.R. tekur að sér að tryggja.“ Samkvæmt samningi þessum má stefndi „ekki ráða lækna til læknisstarfa við

sjúkrasamlagið, nema þeir séu félagar í L. R.“. Samlagsmenn velja sér sjálfir lækna til eins árs í senn. Verða lækna yfirleitt að hlýta því vali og virðist það allmiklum takmörkunum háð fyrir þá að geta losnað við þá samlagsmenn, sem þá hafa valið, en hverjum heimilislækni er heimilt að hafa um áramót hver 1500 samlagsnúmer, og háls-, nef-, eyrna- og augnlæknum 9000. Stefndi greiðir hverjum lækni fast tiltekið árgjald fyrir hvert samlagsnúmer, svo sem nánar er ákveðið í samningnum, og eru launin greidd læknum mánaðarlega fyrirfram. Starfstími almennra samlagslækna er frá kl. 8—20 hvern virkan dag, og eru þeir skyldir á þeim tíma að veita samlagsmönnum sínum læknishjálp, ef þeir eru innanbæjar, en ekki er í samningnum ákveðið um viðtalstíma eða starfstílhögun læknis að öðru leyti en því, að vitjanabeiðnir skulu vera komnar til læknis fyrir kl. 14, ef óskað er eftir heimsókn samdægurs. Læknum er skylt að gæta alls þess sparnaðar í tilvisunum öllum og ráðleggingum, sem samrýmanlegar eru sjálfsagðri umbyggju fyrir sjúklingi. Kvartanir á hendur samlagsmönnum skal læknir ýmist bera fram við trúnaðarlækni stefnda eða stefnanda á annan hátt. Kvartanir frá samlagsmanni út af starfi læknis skulu bornar undir viðkomandi lækni, og athugasemdir, sem trúnaðarlæknir telur sig þurfa að gera við samlagslækni, gerir hann beint til hans, en ef slíkar athugasemdir eru gerðar bréfluga, ber þó að senda stefnanda afrit af slíku bréfi. Sé læknir veikur eða fjarverandi vegna náms eða í frii, skal hann sjá samlagsmönnum sínum fyrir læknishjálp. Í sjúkdómsforföllum þarf hann þó eigi að fá annan lækni, ef veikindin vara ekki lengur en 12 daga alls á ári, en þá greiðir stefndi bráða læknishjálp samlagsmanna hans eftir gjaldskrá.

Stefnandi byggir málssókn sína og dómkröfur á því, að lækna þeir, sem vinna fyrir stefnda samkvæmt framangreindum samningi séu í þjónustu hans í skilningi 1. gr. laga nr. 16/1943 um orlof og eigi samkvæmt því rétt til orlofsfjár eða orlofs frá honum eftir ákvæðum nefndra laga. Telur hann, að nefndur samningur, sem sé um kaup og kjör lækna, beri þess ljósan vott, að hér sé um slíkt vinnusamband að ræða, er falli undir ákvæði laganna, enda sé meginhluti tekna þeirra lækna, sem hér starfa fyrir stefnda, laun til þeirra frá honum. Sé það og eðlilegt, þar sem allir þeir, sem búsettir eru á samlagssvæði stefnda, séu skyldir til þess að vera í samlaginu, og

allir, sem nokkra gjaldgetu hafa, séu það. Hefur stefnandi greint kröfur sínar þannig, að læknum þeim, sem um er að ræða verði fyrst og fremst dæmdur réttur til orlofsfjár, en til orlofs, ef þeir verði taldir fastir starfsmenn samkvæmt ákvæðum 4. mgr. 4. gr. orlofslaganna.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því, að hér sé ekki um þess konar þjónustusamband að ræða, er um ræðir í 1. gr. laga nr. 16/1943. Læknar séu sjálfs sín húsbændur og sjálfstæðir atvinnurekendur og eigi því ekki rétt til orlofs. Þeir hafi opnar lækningastofur fyrir alla. Beri allan kostnað af þeim, og ráði stefndi engu um tölu lækna, né hverjir það séu, sem annast samlagsmenn, eða á hvern hátt læknar hagi starfi sínu. Hann hafi heldur ekki samið við neina sérstaka lækna, heldur séu samningar gerðir við stefnanda. Þá sé greiðslutilhögun stefnda til lækna þannig farið, að ekki geti samrýmt því, að orlofslögin eigi hér við. Neitar hann því, að ákvæði umrædds samnings geti haft þau áhrif á afstöðu lækna til stefnda, að starfsemi þeirra missi einkenni sjálfstæðs atvinnureksturs. Telur hann, að tilgangur orlofslaganna hafi fyrst og fremst verið sá að gefa verkamönnum til lands og sjávar tækifæri og möguleika til þess að verða orlofs aðnjótandi, og megi því ekki skýra þau svo víðtækt, að láta þau ná til manna, sem séu jafnvel fjárhagslega settir og læknarnir, enda hafi þóknunin til þeirra verið ákveðin með það fyrir augum, að þeir hefðu ráð á því að bera sjálfir allan kostnað af nauðsynlegum leyfum sínum.

Varakrafa stefnda byggist á því, að eigi læknar rétt til orlofsfjár, beri að miða útreikning þess við greiðslur stefnda til lækna, að frádregnum reksturskostnaði við lækningastofu og þess háttar.

Þá kveður stefndi, að verði umræddir læknar taldir fastir starfsmenn, eigi þeir aðeins rétt til orlofs, en ekki orlofsfjár.

Samkvæmt samningi þeim milli aðilja máls þessa, sem rakin hefur verið hér að framan, eru læknar þeir, sem gerast samlagslæknar hjá stefnda, skyldir til þess að annast ákveðin störf fyrir hann fyrir tiltekið endurgjald, sem ekki miðast við árangur verks þeirra. Verður að telja, með tilvísun til þess, sem að framan er greint um efni samnings þess, sem í gildi er milli málsaðilja, að þess konar vinnusamband stofnist milli stefnda og lækna þeirra, er gerast samlagslæknar samkvæmt oftnefndum samningi, að þeir verði að teljast í

þjónustu hans í merkingu 1. gr. laga nr. 16/1943. Er ekki hægt að fallast á þá skoðun stefnda, að þeir séu sjálfstæðir atvinnurekendur eða að það firri þá rétti til orlofs, þótt þeir séu allsjálfstæðir um tilhögun daglegra starfa sinna, og sé ekki bannað að sinna öðrum sjúklingum en samlagssjúklingum sínum. Og hvað kostnað við lækningastofu og þess háttar snertir, þá verður ekki annað séð, en að endurgjald fyrir það sé falið í árgjaldi stefnda til þeirra. Eiga samlagslæknar, sem vinna hjá stefnda samkvæmt oftnefndum samningi, því rétt til orlofs samkvæmt 3. gr. orlofslaganna. Með skírskotun til þess, sem að framan er rakið um efni samnings málsaðilja, verða samlagslæknar að teljast vera í fastri stöðu hjá stefnanda og fer þá um orlofsrétt þeirra eftir 4. mgr. 4. gr. laga nr. 16/1943, þannig, að þeim ber orlof eftir þargreindum ákvæðum, án þess að þurfa sjálfir að bera þann kostnað, sem orsakast kann af nauðsynlegri læknishjálpi til samlagssjúklinga þeirra orlofsdagana. Verða dómkröfur stefnanda því teknar til greina að því leyti, að viðurkenndur verður réttur framangreindra samlagslækna til orlofs samkvæmt nefndu lagaákvæði, en hins vegar ekki krafa hans um viðurkenningu á rétti þeirra til orlofsfjár samkvæmt 1. mgr. 4. gr. orlofslaganna. Samkvæmt þessari niðurstöðu kemur *varakrafa* stefnda ekki til álita.

Eftir þessum málsúrslitum þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda kr. 200.00 upp í málskostnað.

Dví dæmist rétt vera:

Þeir félagar í Læknafélagi Reykjavíkur, sem vinna læknisstörf sem samlagslæknar fyrir Sjúkrasamslag Reykjavíkur samkvæmt samningi nefndra aðilja, er í gildi gekk 1. apríl 1941, eiga rétt til orlofs hjá Sjúkrasamlagi Reykjavíkur samkvæmt lögum nr. 16/1943, og fer um orlof þeirra eftir ákvæðum 4. mgr. 4. gr. laganna.

Stefndi, Sjúkrasamslag Reykjavíkur, greiði stefnanda, Læknafélagi Reykjavíkur, kr. 200.00 upp í málskostnað innan 15 daga frá birtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.